

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduósbae.

#### 1. gr.

Árlegt sorphirðugjald, vegna sorphirðu, sorpeyðingar og afnota af gámasvæði í Blönduósbae er sem hér segir:

- 1.1. Á hverja íbúð og á lögbýli eða íbúðarhús utan þéttbýlis þar sem sorp er hirt á 21 dags fresti:

Sorphirðugjald	kr. 22.150
Sorpfögunargjald	kr. 22.150
Samtals:	kr. 44.300

Gjald skv. þessum lið miðast við að sorp sé hirt úr einu 240 lítra sorpíláti fyrir almennt sorp og einu 240 lítra sorpíláti fyrir pappír á hvern greiðanda. Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum skal greiða kr. 22.150 fyrir hvert viðbótar 240 lítra sorpílát.

- 1.2. Fyrir sumarhús greiðast kr. 22.150 sorpfögunargjald, enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.
- 1.3. Fyrir hesthús og gripahús í þéttbýli greiðast kr. 22.150 á hús enda geta eigendur notað gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

#### 2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og -eyðingu skv. 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 1. gr. gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku sveitarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er sveitarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

#### 4. gr.

Gjaldskrá endurvinnslustöðvar er sem hér segir:

Þeir sem koma með úrgang á gámasvæðið að Efstubraut 5a, Blönduósi, greiða eftir rúmmáli fyrir losun á úrgangi í eftirtöldum flokkum:

Stærð farms:	0,25 (1/4) m <sup>3</sup>	0,50 (1/2) m <sup>3</sup>	0,75(3/4) m <sup>3</sup>	1 m <sup>3</sup>
Gjald	1.000 kr.	2.000 kr.	3.000 kr.	4.000 kr.

	Gjaldskylt frá heimilum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum
Vörubretti, kassar o.þ.h.	Já	Já
Tímbur – þar með talið ljós/hvítmálað eða plasthúdað frá framkvæmdum	Já	Já
Húsgögn o.þ.h.	Nei	Já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	Já	Já
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h.	Nei	Já
Blandaður úrgangur frá framkvæmdum	Já	Já
Blandaður heimilisúrgangur o.þ.h.	Nei	Já
Steinefni frá framkvæmdum	Já	Já
Bílrúður	Já	Já
Jarðvegur	Já	Já
Gras og hey	Nei	Já
Trjágreinar	Já	Já
Garðaúrgangur	Nei	Já
Brotajárn	Nei	Já

Flokkaður úrgangur sem fer til endurvinnslu er án gjalds fyrir alla.  
Flokkaður úrgangur skal vera án aðskotahluta eða mengandi efna í samræmi við reglur um flokkun og móttöku úrgangs.  
Úrgangsflokkur þarf að vera staðfestur af starfsmanni á gámastöð.  
Afgreiðslugjald á gjaldskyldum flokkum er að lágmarki 1.000 kr. m. vsk.  
Þegar um stærri farm er að ræða (5-10 m<sup>3</sup>) þarf að semja sérstaklega um móttöku.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Blönduósbæjar ásamt umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Blönduósbæ og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum skal öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1288/2017 vegna sorphirðu fyrir Blönduósbæ.

*Blönduósi, 19. desember 2018.*

**Valdimar O. Hermannsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2019